

## Á hvað er hún að horfa?


### BÆKUR

Barnabók

Skoðum myndlist

**Eftir Önnu C. Leplar og Margrétu Tryggvadóttur. 104 bls. Mál og menning í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur 2006.**

Það var sönn ánægja að heyra af útgáfu nýrrar bókar sem hefur það að markmiði að kynna íslenska myndlist fyrir börnum. Ekki veitir af, en mörg börn heimsækja aldrei listasafn. Söfnin leggja sig fram um að vera með kynningarstarfsemi fyrir skólana sem margir notfæra sér en ekki allir enda kannski ekki alltaf til



aurar í slíkar rútuferðir. Einnig hefur t.a.m. Listasafn Reykjavíkur boðið upp á listasíðjur fyrir börn í samhengi við sýningar. Það er sjálfgefið að ekki hafa allir foreldrar áhuga á myndlist og líka staðreynd að um helgar eru börn oft upptekin við annað og safnaheimsókn ekki efst á óskalistanum. Þess vegna er hvers kyns áttak eða starfsemi sem miðar að því að brúa þessar litlu hversdagsgjár milli almennings og myndlistar af hinu góða. Það væri gaman ef Reykjavíkurborg gerði áttak í að fá alla fjölskylduna í söfnin en ýmsir möguleikar eru ónýttir. Miklatún er t.a.m. dularfullur og mannaður staður, vist er gaman fyrir börn að hlauða þar um að sumarlagi en þarna væri hægt að gera frábæran fjölskyldureit í hjarta borgarinnar. Kjörinn staður til að færa listina, í hvaða mynd sem það væri, út fyrir vegg Listasafns Reykjavíkur. Hvers konar virk starfsemi sem hefur Listasafnið sem miðstöð og kjarna dregur almenning að listinni og auðveldar aðgang að henni.

Skoðum myndlist er einmitt vísir að slíkri tilraun, en höfundar hennar hafa valið þó nokkurn fjölda listaverka úr safni Listasafns Reykjavíkur til umfjöllunar í bók sinni og skapad þeim aðgengilega umgjörð með persónum sem höfðu til barna. Val á listaverkum er fjölbreytt, bæði gamalt og nýtt og gaman að sjá eðlileg hlutföll milli kynja listamanna. Nálgun sögupersónanna þriggja er einföld og eðlileg og það tekur stuttan tíma að skoða bókina. Uppsetning efnis er vel hugsuð og dregin út smáatriði í listaverkunum sem gæða þau lífi og draga börnin inn í heim þeirra. Ítarlegri upplýsingar um einstaka listamenn er síðan að finna aftast í bókinni. Fyrir þá sem ekkert þekkja til, bæði börn og fullorðna, er bókinn forvitnileg en ekki síst skemmtileg og birtir vel þá miklu fjölbreytni sem myndlistin býður upp á. Það er mjög gott að geta gripið til bókar sem þessarar bæði fyrir foreldra og kennara og vonandi að hún rati í alla skóla og leikskóla. Bókinni er síðan fylgt eftir með lítilli sýningu í hliðarherbergi á Kjarvalsstöðum, þar verða sýningar á verkum sem sjá má í bókinni fram á næsta haust. Heldur fannst mér þó bókinn meira spennandi en þau fáu verk sem hér gefur að líta og held að miðað við þá fjölbreytni sem bókinn býður upp á verði börn e.t.v. fyrir vonbrigðum með þessa litlu sýningu. En á móti kemur að þegar verkin eru fá gefst tóm til að spjalla um hvert og eitt, nokkuð sem færi fyrir ofan garð og neðan á stærri sýningu. Heimsókn á þessa sýningu dregur síðan börnin og fylgismenn þeirra síðan inn á þær sýningar sem í gangi eru í hvert sinn og núna er t.a.m. ævintýraheimur Kabakov-hjónanna sem sjá má á Kjarvalsstöðum hreint undursamlegur og einstök upplifun fyrir alla fjölskylduna. Bókinn Skoðum myndlist er vel heppnuð tilraun til að kynna íslenska myndlist fyrir þeim sem ekki þekkja til, höfundar hafa skilað sínu ætunarverki með sóma og nú er komið að okkur hinum, foreldrum, kennurum og leikskólakennurum að hjálpa henni áfram í veröldinni.

Ragna Sigurðardóttir

# Máttur skáldskaparins

### LEIKLIST

Landnámssetur Íslands, Borgarnesi

Mr. Skallagrímsson

**Eftir Benedikt Erlingsson í samvinnu við Snorra Sturluson. Leikstjóri: Peter Engkvist. Leikmynd: Ragnar Kjartansson. Lýsing: Lárus Björnsson. Samstarfsverkefni Landnámsseturs og Listahátíðar á Söguloftinu í Landnámssetri Íslands, 13. maí kl. 13.**

Það er ekki heiglum hent að segja nútímaáhorfendum á 120 mínútum Egils sögu Skallagrímssonar með tilheyrandi flutningi dróttkvæða þannig að aldrei hviki athygli þeirra. En Benedikt Erlingsson er enginn aukvisi.


Við erum stödd á Söguloftinu í Landnámssetri Ísland. Hér var fyrrum pakkhúslöft eins og opnanlegar trédyr með slagbrandi út að Brákarsundi gefa til kynna. Báða vegu undir súðinni sitja áhorfendur, milli þeirra eftir loftinu miðju er gangur og við annan enda hans hefur Ragnar Kjartansson komið fyrir viðardrumbi, við hinn endann tveimur. Er þeir tilvísun í sögusýninguna niðri eða eitthvað annað? Skógin sem eitt sinn var? Ættartré? Drumbarnir eru eini stuðningur leikarans og hann notar þá örsjaldan, helst til að tylla sér á. Enga leikmuni, enga búninga, ekkert smink, enga hljóðmynd þarf Benedikt til að segja okkur þessa atburðariku sögu með tugum persóna. Hann gengur fram, einn maður, klæddur í íslenskan nútíma þjóðbúning, höfuðið sköllótt eins og Egils, með tunguna að vopni. Sagan er um höfuðskáld.

Margir fræðimenn hafa viljað eigna Snorra Sturlusyni Egils sögu

og það gerir Benedikt beinlínis hér. Þótt flest fjúki af fyrri hluta sögunnar, sögu Kveldúlf og sona hans í Noregi, þá er Benedikt trúur Eglu (eða Snorra) í atburðarás frásagna af landnámsmanninum Skallagrími og syni hans Agli. Hann ljær henni hins vegar sitt eigið tungutak, tungutak nútímamannsins, sem hann þó fleygar með beinum tilvitnunum í Eglu, kvæði Egils og jafnvel önnur miðaldahandrit. Og frásagnarhátturinn er auðvitað ekki sá sem einkennir Íslendingasögur, sögumaður lætur ekki lítið fyrir sér fara.

Með miklum húmor beintengir hann frásögnina og sjálfan sig staðnum sem hann stendur á, sögusviði Eglu. Bænum fyrir utan, Borgarnesi, húsum, fyrirtækjum þar; landinu, Brákarsundi, hafinu, áttum, útlöndum. Hann beintengir áhorfendur við sig og söguna. Upplýsir okkur stöðugt, gerir athugasemdir við framvinduna, skírskotar til heimilda, tengir tíma okkar við tíma frásagnarinnar, skýrir atburði með dæmum úr nútímalífi. Setur ráðamenn í hópi áhorfenda í samhengi sögunnar og ræðir jafnvel við fræðimenn í hópnum um sjónarhorn sitt eða heimildir.

Þetta er epískt leikhús, látbragðið sem lýsir leikjum, brúðkaupum, veisluhöldum, sjóferðum, orrustum, ofbeldisverkum, morðum því einfalt og skýrt og dregið er upp heilt gallerí af persónum: börnum, konum, víkingum, gamlmennum, með áhrifaríkum, einföldum meðlum. Með einni léttari handarhreyfingu er hári sveiflað og kviknar mynd af konu eða hárfögrum konungi, með örfinum svip-



Morgunblaðið/Eyþór

**Benedikt Erlingsson er enginn aukvisi, að mati Maríu Kristjánsdóttur leiklistargagnrýnanda.**

brigðum og öxlum sem rísa fæðist viðkvæmur öruggur unglungur og af fótum, sem vart geta borið líkama, öldungur.

Sterkust er að sjálfsgöðu myndin af Agli, forföður okkar, þetta er saga hans. Á þá þversagnakenndu persónu horfir Benedikt ískalt þótt gróteskur og alþýðlegur húmor umlyki jafnan athafnir hans. Berserkur, villimaður er hann þessi Mr. Skallagrímsson, nánast eins og út úr gamansamri amerískri hasarmynd, þar til vitnað er í franska miðaldaheimild um árás víkinga á sveitaþorp, þá afhjúpast hann

morðinginn, hermaðurinn, upp í hugann koma Vietnam, Bosnía, Írak. Kænn er hann, öfundsjúkur, þvermóðskur og hefnigjarn. Sjálfhverfur er hann og yfir hann, sem verður að vísu fyrir þungum hörmum, skellur helst þunglyndið eða hann finnur fyrir sting undir bringspólunum og jafnvel í hjarta-stað, viti hann einhvers staðar af fé eða löndum sem hann getur sölsað undir sig. En hann berst gegn valdi konunga og er mikið skáld. Afstöðu okkar Íslendinga á skáldum kemur Benedikt einkar vel yfir með þeirri broslu barnslugu aðdáun er hann litar frásagnirnar af fyrstu afreku Egils á því sviði en enn betur þótti mér honum takast upp í „hljómkviðu“-flutningi sínum á Höfuðlausn – þar sem hann sannar fyrir okkur mátt skáldskapar Egils.

Það er erfitt að lýsa þessari sýningu eftir að hafa séð hana aðeins einu sinni. Að baki henni liggur mikill undirbúningur og vinna höfundar og leikstjóra. En uppbygging verksins, framvinda sýningarinnar, ólík sjónarhorn, leikur að andstæðum, líkingum, allt flögrar það hjá, það sem eftir stendur er kynngimáttur sögumannsins. Hann hefur okkur áhorfendur í hendi sér; heldur okkur við frásögnina, við engjumst um af hlátri, grípum andann á lofti, dæmst að honum; hvílir okkur með því að tefja frásögnina með útúrdúrum. Haukfránn, eldsnoggur – og áreynslulaust – virðist hann þegar upp er staðið hafa spunnið áfram eða skáldað upp þessa fornu sögu úr nærveru okkar, tilvist okkar.

María Kristjánsdóttir

## Þitt eigið öryggisnet tengt GSM

- PINN EIGIN HERRA



### Öryggistækin

Stjórnstöð - Hreyfiskynjari - Hurðaskynjari - Fjarstýring



PSTN/GSM Tri-band (900/1800/1900MHz) með GPRS/SMS X-10 er meiri möguleiki

HÆGT AÐ TENGJA NEYÐARHNAÐ VÍÐ STJÓRNSTÖÐ

- endalausir þráðlausir möguleikar fyrir þína nánustu



**Einar Farestveit & Co.hf.**  
Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is